



KYNFERÐISBROT Á MILLI SYSTKINA

Upplýsingar fyrir foreldra og
forsjáraðila

Heilla
braut

Barnaheill

EF KYNFERÐISBROT KEMUR UPP

Ef barn segir frá er mikilvægt að á það sé hlustað, því sé trúað og veittur viðeigandi stuðningur.

Barnið sem braut af sér þarf einnig stuðning og leiðbeiningar til að skilja og taka ábyrgð á því sem það gerði.

Tryggja þarf öryggi barnsins og gera þarf allt sem hægt er til að hindra frekari brot.

Oftast þarf að halda góðri fjarlægð á milli barna á meðan verið er að rannsaka málið og í sumum tilvikum til langframa.

Vinna þarf með fjölskylduna sem eina heild. Kynferðisbrot milli systkina hafa áhrif á alla fjölskylduna. Slík brot geta verið hluti af stærri vanda fjölskyldunnar.

Setja þarf skýrar reglur um samskipti, hegðun og fyrirkomulag t.d. varðandi svefnherbergi, baðherbergi og samverustundir.

Mikilvægt er að fá faglega aðstoð ef um kynferðisbrot er að ræða. Það krefst hugrekks að leita eftir aðstoð, en það er nauðsynlegt.

ÞAÐ ER ERFITT FYRIR BÖRN AÐ SEGJA FRÁ

- Sum börn vilja ekki valda foreldrum vanlíðan.
- Sum þrjá athygli og hlýju frá systkini og óttast að missa hana ef þau segja frá.
- Sum upplifa togstreitu á milli ótta og væntumþykju í garð systkinis.
- Sum setja líðan og þarfir systkinis ofar sínum eigin.
- Sum óttast um afleiðingarnar fyrir systkinið.
- Sum óttast refsingu frá systkini.
- Sum telja að þeim verði ekki trúað eða þeim sjálfum kennt um ofbeldið.

ÞIÐ ERUÐ EKKI EIN

Kynferðisbrot á milli systkina eru sjaldan rædd upphátt í samfélaginu. Slík brot eru þó algengari en flesta grunar. Ef brot hefur átt sér stað í þinni fjölskyldu er eðlilegt að þér sé brugðið og að margar spurningar brjótist um í huga þér. Þessi bæklingur er hugsaður til að hjálpa þér að taka fyrstu skrefin.

SYSTKINI

Samskipti systkina geta verið allskonar og þau gegna oft ýmsum hlutverkum í lífi hvers annars s.s. að styðja, hvetja, stríða, leika við og gæta hvers annars. Systkinasambönd eru oft lengstu sambönd sem fólk á yfir ævina.

Rannsóknir sýna að börn af öllum kynjum geta bæði brotið af sér og orðið fyrir broti af hendi systkinis en algengasta formið er að eldri bróðir brjóti gegn yngri systur.

KYNFERÐISLEG HEGÐUN Á MILLI SYSTKINA

Forvitni barna um líkamann, kynfærin og snertingar birtist gjarnan í gegnum samskipti og leik. Mikilvægt er að greina á milli hvenær hegðun telst hluti af eðlilegum þroska barna, hvenær hún er óæskileg og hvenær um ofbeldi er að ræða. Ef ofbeldi hefur átt sér stað er nauðsynlegt að bregðast strax við!

KYNFERÐISOFBELDI AF HENDI SYSTKINIS HEFUR JAFN ALVARLEG ÁHRIF OG ANNAD KYNFERÐISOFBELDI

LÍÐAN ÞÍN OG TILFINNINGAR

Það gæti reynst erfitt að meðtaka og trúa því sem gerðist. Þú gætir viljað gera lítið úr atvikinu og sannfæra þig og aðra um að það sé ekki eins alvarlegt og það hljómar. Þú gætir þó einnig upplifað mikla reiði, sektarkennd, óhugnað eða hræðslu.

Þér gæti þótt erfitt að viðhalda góðum samskiptum við barnið sem braut af sér en þú gætir einnig fundið fyrir reiði í garð barnsins sem sagði frá. Þú skalt ræða tilfinningar þínar við fagaðila og fá aðstoð, því kynferðisbrot milli systkina hafa áhrif á alla fjölskylduna.

Þín viðbrögð skipta máli því þau geta haft mikil áhrif á úrvinnslu beggja barna á áfallinu og farsæld þeirra í kjölfar ofbeldisins.

ÚRRÆÐI OG AÐSTOÐ

Ef þú vilt tilkynna brot eða fá aðstoð við að meta hvort um kynferðisbrot sé að ræða getur þú m.a. haft samband við:

- Barnavernd í þínu sveitarfélagi
- Lögreglu
- Netspjall á www.112.is
- Barnahús s:530-2500
- Barnaheill@barnaheill.is (fyrir ráðgjöf)

Fyrir stuðning getur þú m.a. haft samband við:

- Stígamót (aðstandendaviðtal)
- Sálfræðing á vegum heilsugæslunnar
- SÓK teymi fyrir barn sem sýnir ítrekaða óæskilega kynhegðun (sótt um í gegnum Barnavernd)
- Taktu skrefið fyrir þau sem brjóta af sér kynferðislega www.taktuskrefid.is
- Heimilisfrið fyrir gerendum í heimilisofbeldismálum

Eðlileg kynhegðun milli systkina

- Á sér stað milli ungra systkina á svipuðum aldri.
- Byggir á forvitni og á sér stað í frjálsum leik
- Hættir ef foreldri fyrirskipar slíkt.
- Er sakleysisleg s.s. að skoða kynfæri hvors annars, fara í „læknisleik“ eða tala um að ætla að giftast í framtíðinni og eignast börn saman.

Óæskileg kynhegðun á milli systkina

- Oft um eitt atvik að ræða en getur verið ítrekað t.d. leikur sem oft er farið í en gengur of langt. Dæmi um slíkt gæti verið leikur þar sem systkini liggja ofan á hvort öðru og kyssast með tungu.
- Getur birst í því að annað barn vill ekki taka þátt en hitt þrýstir á eða þvingar fram kynferðislegan „leik“.
- Stundum leið barna sem búa við erfiðar aðstæður til að sýna hvort öðru nánd og stuðning.

Kynferðisbrot á milli systkina

- Annað barnið prófar sig áfram kynferðislega eða fær nokkurs konar útrás með því að nota hitt barnið. Byggir ekki á barnslegri forvitni og frjálsum leik.
- Oft meiri aldursmunur en 2-3 ár og því töluverður þroskamunur og valdaójafnvægi.
- Stundum þvingun, skipun eða hótun en stundum einu skiptin sem eldra barnið sýnir yngra systkini sínu hlýju og fer yfir mörk í leiðinni.
- Birtingarmyndir geta verið fjölmargar og eru stundum mjög alvarlegar. Allt frá strokum yfir í nauðgun. Brotin geta einnig verið stafræn.

BÖRN ERU EKKI LITLIR FULLORÐNIR

Gott er að velja önnur orð en gerandi og brotapolí þegar rætt er um börn.

Úrvinnsla, aðstoð og stuðningur ætti ávallt að vera áfallamiðaður og barnvænn.

FREKARI UPPLÝSINGAR



www.barnaheill.is

barnaheill@barnaheill.is